

Lestur

Markmið heimalesturs er að nemandinn lesi **upphátt 5 - 7 sinnum** í viku. Það má lesa eins margar blaðsíður og hver og einn vill. Minnst ein blaðsíða á dag. Mæli með fleiri en einni blaðsíðu á dag.

Það er mjög mikilvægt að fullorðinn **hlusti** á lesturinn. Gefið ykkur gæðastund á meðan verið er að lesa.

Lesnar eru ákveðnar bls. í hverri viku í fyrirframgefinni lestrarbók. Auk þess les nemandinn í annarri bók sem hann fær með sér heim í lestramöppunni eða velur sér heima. Foreldrar skrá blaðsíðufjölda og nafn þess sem hlustar. Leiðréttið lesturinn jafnóðum.

Kennarinn skráir hvað lesið var í skólanum og gefur stjörnu fyrir hvern dag sem lesið er heima. Gott er að athuga **lesskilning** nemandans með því að ræða um söguþráðinn og spyrja spurninga.

Í daglegu lífi gefast ýmis tækifæri til að vekja áhuga nemenda á lestri, t.d. í gönguferðum og ökuferðum.

Kennarinn gefur stimpil með merki um hvaða hæfniviðmiði nemandinn nær í hverri viku.

Orðasafn

Eftir lesturinn les foreldri upp **5 orð úr textanum** sem lesinn var **eða setningu** og nemandinn skrifar í stílabók. Ef orðið er rangt skrifað á nemandinn að strika yfir villuna og skrifa orðið aftur rétt.

Hæfniviðmiði fyrir vikuna

Framúrskarandi les 7 daga vikunnar

Hæfni náð les 5 til 6 daga vikunnar

Á góðri leið les 4 daga vikunnar

Þarfnast þjálfunar les 2 til 3 daga vikunnar

Hæfni ekki náð las 0 til 1 dag vikunnar



Lestrarkompan mín

Flokkaðu tölurnar.

Hvernig getur þú flokkað þær?

... eftir lögun.	... eftir stærð.
☐ Já ☐ Nei	☐ Já ☐ Nei
... eftir götum.	... eftir lit.
☐ Já ☐ Nei	☐ Já ☐ Nei

Fleiri hugmyndir? _____



Æfingin skapar meistarann

Nafn: _____